

Að þurrka og pressa blóm

Það er gaman að kunna að pressa blóm, því þá geturðu geymt til minja sum af fegurstu blómunum úr garðinum þínum. Úr pressuðum blómum má líka gera fallegar smágjafir eins og heimatilbúin kort eða bókamerki. Okkur þykir þetta áhugavert verkefni, vegna þess að hér fara saman fínleiki og verkkunnátta.

Til að búa til blómapressuna þarf:

- Tvo viðarkubba með um það bil fimmtán sentimetra langar hliðar. Bútarnir ættu að vera um það bil þrír til sex sentimetrar á þykkt.
- Fjóra skrúfbolta, tólf til fimmtán sentimetra langa.
- Fjórar „flugurær“ sem passa við skrúfboltana.
- Tvö ferningslaga pappaspjöld sem eru jafnstór og viðarbútarnir. Þennan pappa má nota aftur og aftur.
- Pappír. Fyrst þú ert með skærin við höndina skaltu klippa út dálítinn stafla af pappírsferningum í sömu stærð og pappann og viðarbútana.
- Bor.

Þú leggur annan viðarbútinn ofan á hinn og smeygir pappanum og pappírnum á milli þeirra. Þá borar þú eitt gat í hvert hornanna, um það bil tvo sentimetra frá jaðrinum, og gætir þess að götin séu nógu víð fyrir skrúfboltana. Með því að bora samtímis í viðinn, pappann og pappírinn tryggirðu að götin standist á, og það er gott að hafa þetta ráð í huga næst þegar þú smíðar eitthvað.

Þegar þú pressar blómin er uppröðunin svona: Neðst er viðarbútur, þá kemur pappaspjald og ofan á því pappírsblað, síðan kemur blómið og ofan á það pappír, pappaspjald og viðarbútur. Þegar þetta er komið stingurðu skrúfboltunum í holurnar, herðir rærnar og setur pressuna á vísan stað.

Eftir þrjár til fjórar vikur ætti blómið að vera þurrt og stíft viðkomu.

Við verðum auðvitað að minnast á nokkrar aðferðir sem einnig er hægt að beita. Gamla góða „blóminu-stungiðundir-þungan-bókastafla“ hefur gefist vel gegnum tíðina og svo er til afbrigði við þá aðferð sem mætti kalla „blóminu-stungiðinn-í-bók-af-handahófi-og-finnst-af-tilviljun-ári-síðar“!

Við sem erum nútímalega þenkjandi og þurfum að þurrka blóm með hraði gætum prófað að setja blómið í örbylgjuofn í þrjár mínútur við lágsta mögulega hita.

(Stórskemmtilega stelpubókin, 2009)

Ballíð á Bessastöðum

Forsetinn er þögull þegar bílstjórinn hans ekur honum heim á Bessastaði. Hann segir heldur ekki mikið yfir kvöldmatnum og ekki dregst eitt orð upp úr honum þegar hann hjálpar Halldóru ráðskonu með uppvaskið. Að lokum leggur hún frá sér uppþvottaburstann og spyr hann hreint út:

„Hvað er að?“

„Ekkert,“ svarar forsetinn snúðugur. „Jú, það er eitthvað. Annars værirðu ekki svona hnípinn.“ Halldóra tekur upp stórt silfurfat og bregður því upp svo forsetinn geti séð andlitið á sér speglast í því. Hún hefur alveg rétt fyrir sér. Þetta er ekki kátur forseti sem birtist þarna í fatinu. „Kannski hefði ég átt að verða eitthvað annað en forseti.“

„Eins og hvað?“ spyr Halldóra. Grár lokkur hefur dottið fram á ennið og hún stingur honum á bak við eyrað. „Mig langar til að vinna á stað þar sem margir aðrir vinna við það sama og ég, eins og á slökkvistöð. Þá get ég rokið út á harðahlaupum með öllum hinum slökkviliðsmönnum til að slökkva elda. Síðan förum við allir í hádegismat og borðum saman puls.“

Besta ráðið til að gera upp hug sinn er að fara út að ganga. Oft virðist sem heilanum gangi betur að hugsa ef fæturnir eru á hreyfingu. Hvers vegna þetta er svona vita jafnvel ekki færustu vísindamenn, ekki einu sinni þótt þeir gangi langar leiðir og velti því fyrir sér.

Forsetinn fer í gúmmístígvél og arkar niður í fjöru. Á himninum hafa flákaský raðað sér upp í samfellda dökka skýjabreiðu en forsetinn gefur þeim lítinn gaum. Í fjarska glampa borgarljósín í kvöldhúminu. Skammt frá landi synda fáeinir selir sem virða þennan dapra

forseta forvitnir fyrir sér og dapri forsetinn horfir álíka forvitinn á þá. Allt í einu rifjast upp fyrir honum hvað hann langaði mikið til að vera sirkusstjóri þegar hann var lítill strákur. Hann hafði séð sirkus í sjónvarpinu þar sem fimir selir stukku í gegnum gjörð. Það ætti nú ekki að vera mikill vandi hér í fjörunni við Bessastaði.

Forsetinn man eftir gömlum húlahring sem Halldóra hafði meðferðis þegar hún flutti fyrst á Bessastaði. Það er langt síðan hún hefur tekið hann til handargagns sem er nokkuð leiðinlegt, eins og hún var nú fær í að húla.

Með hringinn á lofti veður forsetinn út í kaldan sjóinn. Selirnir horfa furðu lostnir á hann með stóru dökku augunum sínum. Hvað vill þessi maður þeim eiginlega? Forsetinn heldur áfram að veifa hringnum og smám saman færa selirnir sig nær.

„Hoppa! Kæru selir, hoppa!“ æpir forsetinn og þá rennur loks upp ljós fyrir einum selnum. Hann syndir rakleitt að forsetanum og á aðeins eftir örfáa metra að hringnum þegar hann hefur sig eins og loftfar upp úr öldunum og stekkur í gegnum hann. Forsetinn ræður sér ekki fyrir kæti. „Vilja ekki fleiri spreyta sig?“ æpir hann. Og jú, aldeilis! Hver á fætur öðrum koma selirnir syndandi og stökkva í gegnum hringinn. Halda mætti að þetta væru allt þekktir sirkusselir. Gleðin hríslast um forsetann eða er það kannski kuldinn? Það getur verið svolítið napurt á kvöldin niðri við sjó en forsetinn veltir því ekkert fyrir sér. „Þetta eru skemmtilegir vinir,“ hugsar hann með sér. „Ég þarf aldrei að láta mér leiðast aftur. Hverjum er ekki sama þótt þeir borði einir hádegismat eða megi ekki vinna á gröfu þegar þeir geta leikið sér við seli?“

Bíddu, skipstjóri

(Árið 1973 varð eldgos í Vestmannaeyjum. Um miðja nótt í janúar þurftu allir íbúar að yfirgefa eyjarnar í skyndi.)

Skipstjóri bátsins sat í sæti sínu í stýrishúsinu og fylgdist vel með öllu. Hann var í stöðugu sambandi við þá sem stjórnðu aðgerðum og umferð á bryggjunni.

Já, eftir um það bil tíu mínútur? spurði hann. Allt í lagi. Það er allt tilbúið hér um borð, við getum lagt frá hvenær sem er. Þú lætur mig bara ...

Lengra komst hann ekki í samtalinu því að hurðin á stýrishúsinu þeyttist upp og skall út í vegg. Inn ruddist lítil, útgrátin stúlka og kreisti skólatösku í fangi sér.

Skipstjórinn leit upp forviða, lauk samtalinu og sneri sér svo að litla gestinum. Hvaða asi er á þér, litla mín?

Ég er búin að týna öllum, pabba, mömmu og öllum systkinum mínum. Þú mátt ekki fara fyrr en ég er búin að finna þau! Nú brast litla hetjan í ekkabrunnginn grát svo að skipstjóranum varð ekki um sel.

Komdu hérna og sestu hjá mér, sagði hann hlýlega. Þetta getur varla verið svona alvarlegt.

Jú, sagði hún æst, þetta er víst alvarlegt! Ég verð að finna þau!

Hvað heitir þú, vina? Hann strauk henni um vangann. Ég sé að þú hefur tekið skólatöskuna þína.

Telpan róaðist aðeins.

Ég heiti Edda og ég er ekki með neinar skólabækur í töskunni. Sjáðu, þetta eru myndir af týndu fjölskyldunni minni! Nú bunaði Edda litla út úr sér allri sögunni um það hvernig börnin fjögur hefðu lofað að bíða alveg kyrr við stöpulinn á bryggjunni og halda fast hvert í annað meðan pabbi þeirra sækti mömmu og börnin þrjú sem ekki höfðu komist í bílinn í fyrri ferðinni.

En við vorum látin svíkja loforðið og nú er ég líka búin að týna þeim sem voru með mér! Nú grét litla stúlkan svo mikið að tárin streymdu niður á myndirnar.

Skipstjóranum rann til rifja sorg litlu hetjunnar, bjargaði myndunum undan táraflóðinu og leit á þær. Nú, þetta eru þau Heiðar og Inga með börnin sín! Ég þekki þau vel, og þú ert dóttir þeirra! Þú þarft ekki að hafa miklar áhyggjur, vina. Ef ég þekki hann pabba þinn rétt verður ekki langt þangað til þið hittist öll aftur.

Ertu viss? spurði Edda litla og horfði vonaraugum á skipstjóran.

Hann kinkaði kolli uppörvandi. Nú skalt þú bara fara og skyggnast um eftir systkinum þínum og svo getur þú komið aftur í heimsókn til mín ef þig langar til þess.

Ætlar þú þá að lofa að bíða hérna eftir mömmu og pabba?

Það getur vel verið að þau séu komin um borð í bátinn og séu að leita að þér, sagði skipstjórinn, en ég lofa að bíða eins lengi og ég má, ég ræð því samt ekki einn.

Edda litla skokkaði hugrakkari af stað og fór að leita. Það var erfitt því að báturinn var alveg troðinn af fólki og svo var líka mið nótt.

Reyndar var þessi örlaganótt bjartari en venjuleg vetrarnótt því að himinninn yfir Heimaey var eldrauður þó að aska væri farin að falla og vikur dyndi á þeim sem voru úti á þilfari.

Allt í einu varð Edda vör við hreyfingu á bátnum. Henni brá mjög. Skipstjórinn var að svíkja hana! Hann var farinn af stað! Edda ætlaði að ærast! Hún hljóðaði upp og ætlaði til baka. Þá kom einhver af bátsverjunum auga á þessa litlu, hamstola stúlku sem virtist þurfa á hjálp að halda. Hann tók utan um hana. Fyrst streittist hún á móti og hellti yfir hann allri sögunni.

Við skulum vera róleg, vina, sagði hann og leiddi hana með sér. Skipstjórinn sveik þig ekki. Honum var skipað að fara af stað til að aðrir kæmust að. Þetta fer allt vel, en það sem þú þarft núna er hlýtt rúm og hvíld.

(Herdís Egilsdóttir, 2008, *Edda týnist í eldgosinu*)

Gríma galdrakerling

Gríma galdrakerling sat og stytti sér stundir með því að raða púsluspili inn í stóran gylltan ramma. Henni gekk illa að fá myndhlutana til þess að passa saman. Hún hefði heldur kosið að fást við galdra og særingar. En það var svo skelfilega lítið að gera hjá henni eftir að galdrakerlingar glötuðu vinsældum í sögum og ævintýrum. Kolsvörtu kvikindin hennar, kötturinn, hrafninn og köngullóin, fylgdust með. „Ég get ómögulega séð hvað þetta á að vera!“ tautaði Gríma og horfði á ófullgerða myndina.

„Loftmynd af Nornafjalli?“ stakk hrafninn upp á.

„Ófreskja?“ datt kettinum í hug.

„Skápaskúm?“ var hugmynd köngullóarinnar.

„Hvernig datt þér það í hug?“ sagði Gríma og horfði illilega á köngullóna.

Köngullóin ræskti sig afsakandi og lét sig falla niður af borðinu í þræði sínum.

„Nei, það er ekkert af þessu,“ muldraði Gríma hugsí. „Best gæti ég trúað henni Grettu til þess að hafa fíkað eitthvað við spilið.“

Púsluspilið var gjöf frá systur Grímu, galdrakerlingunni Grettu. Þær systur bjuggu hvor sínu megin við Nornafjall. Yfirleitt voru þær mestu mátar, en áttu það til að gera hvor annarri grikk.

Dagar liðu og loks var Gríma að ljúka við spilið. En henni til mikillar gremju þá vantaði síðasta stykkið! Gríma leitaði í hverjum krók og kima. Hún leitaði í skápum, kistum og koffortum. Kötturinn hjálpaði til og smaug undir borð og bekk. Hrafninn gægðist upp á hillur og hanabjálka. Köngullóin fór um hverja glufu, en hvergi fannst týndi myndhlutinn.

„Nú hætti ég að leita,“ dæsti Gríma. „Ég galdra það sem í vantar.“

Hún tók ögn af galdradufti, þeytti því yfir spilið og sagði: „Hvissum-hvass, rissumrass, gerðu gott!“

En ekkert gerðist. Grímu brá í brún.

„Er ég að missa máttinn?“ tautaði hún. Hún fleygði nokkrum kornum á flugu sem skreið í gluggakistunni. Flugan breyttist umsvifalaust í

krangalegan úlfalda. Hann komst engan veginn fyrir í gluggakistunni og brokkaði hrínandi út.

„Nei, það hrífur,“ tuldraði Gríma. Hún var ekki alveg sannfærð, svo ef kettinum hefði ekki tekist að forða sér á bak við fataskáp, hefði hún eflaust breytt honum í mús. Þess í stað breyttist fataskápurinn í heljarmikla trumbu sem féll á gólfið með miklum hávaða.

„Ussu-sussu!“ andvarpaði Gríma og sneri sér aftur að púsluspilinu. „Hún systir mín hefur greinilega beitt göldrum á gjöfina. Það var henni líkt.“

Gríma þurfti ekki að fara í heimsókn til Grettu til þess að tala við hana. Hún tók stóra kökukrús ofan af hillu og bankaði í hana sjö sinnum. Þegar hún lyfti lokinu af, sá hún inn í hús Grettu. Þar sat Gretta og skellihló. „Hvernig gengur með púsluspilið, Gríma?“ spurði hún stríðnislega.

„Það vantar eitt stykkið, systir!“ Og af hverju er myndin svona óskýr? Hún er öll í móðu og mistri!“ kvartaði Gríma.

„Myndin sýnir allt sem þú átt, systir!“ ískraði í Grettu. „Hvað varðar það sem vantar, þá þarftu bara að fljúga hátt, líta lágt og finna smátt.“

Síðan varð allt svart í krúsinni. Gretta ætlaði ekki að segja meira.

„Árans nornin!“ sagði Gríma og skellti aftur lokinu. Hún hvessti augun út um gluggann, þar sem Nornafjallið blasti við og varði Grettu gegn kröftugu augnaráðinu. Skyndilega datt Grímu nokkuð í hug. Hvar myndi týnda stykkið vera annars staðar en á Nornafjalli? Gríma þreif kústin sinn, greip köttinn undir handlegginn og setti köngullóna upp á hattbarðið. Við hrafninn sagði hún: „Fljúgðu hátt!“ og þeysti af stað á kústinum. Þau svifu yfir fjallinu og lentu á hæsta tindinum.

„Líttu lágt!“ sagði Gríma við köttinn sem skimaði um kletta og klungur.

„Finndu smátt!“ skipaði hún köngullónni sem gægðist inn í gjóturnar. Og viti menn! Þarna lá stykkið úr púsluspilinu.

Heima í kofa Grímu settust þau öll kringum

borðið. Gríma lét síðasta stykkið á sinn stað.
Það féll í gatið með lágum smelli. Í einni svipan
rann þúsluspilið saman í slétta og fellda mynd!
Þeirra eigin spegilmynd! Í speglinum sá Gríma
sinn eigin undrunarsvip, stóreygan köttinn,
gapandi hrafninn og stjarfa köngullóna. Og
á bak við þau stóð einhver sem gretti sig og
skellihló!

Hver skyldi það hafa verið?

(Áslaug Jónsdóttir, 1998, *Sex ævintýri*)

Leópold sirkusljón

Fyrri sýningin byrjar klukkan fjögur eins og til stóð. Það er uppselt, líka klukkan átta. Allt gengur vel til að byrja með, fílarnir leika listir sínar, loftfimleikafólkið er frábært, það hjólar á línunum og snýst í marga hringi í loftinu, kona leikur á flautu á hestbaki, stendur meira að segja á haus á meðan. Áhorfendur skellihlæja að trúðunum og hundunum, krakkarnir fá íspinna og sælgæti í hléi, á meðan sýningarbúrin fyrir ljónin eru sett upp. Allir eru ánægðir – nema Leópold, aðalljónið í sirkusnum. Í dag ætlar hann út í frelsið hvað sem hver segir!

Hann lætur á engu bera til að byrja með, gerir allt sem hann á að gera, en bíður færiss. Ljónin sýna frábæra leikni, stökkva gegnum logandi hringi, fara upp og niður stiga, steypa sér kollhnís, standa á einum fæti og raða sér upp í píramída, Leópold er efstur þótt hann sé stærstur. Skyndilega teygir hann alveg úr sér og nær með framfótunum upp í þakið á búrinu. Áhorfendur hrópa og kalla af hrifningu, því þeir halda að þetta sé hluti af sýningunni.

„Þetta endar með ósköpum hjá honum, greyinu,“ segir gamla ljónynjan og klórar sér á bak við eyrað. Ungu ljónin eru dálítið smeyk, og kannski líka svolítið montin. Hann er einn af okkur, örugglega stærsta og sterkasta ljónið í öllum heiminum, hugsa þau.

Leópold sveiflar sér til og frá og þá gerist það sem temjarinn óttaðist, þakið hrynur með braki og brestum. Temjarinn rekur ljónin í ofboði út og inn í geymslubúrin. Leópold dettur niður með brakið allt í kringum sig um leið og temjarinn og síðasta ljónið komast út, en Leópold er kominn í ham! – Það skal takast

– hugsar hann og hristir af sér leifarnar af þakinu. Áhorfendur eru á báðum áttum.

„Er þetta ekki heldur langt gengið,“ segir gamall afi við sonardóttur sína.

„Guð minn góður, það er eitthvað að honum,“ segir kona skammt frá. Og svo brýst út undrunar- og skelfingaróp frá mannfjöldanum: Leópold stekkur upp á búið, vegur andartak salt, fólkið stendur upp og ætlar að rjúka út, en það er alveg óþarfi. Leópold flýgur af búrinu niður í ganginn frá aðalinnganginum. Dýralæknir kemur með byssu og ætlar að skjóta svefnlyfi í Leópold en því miður lendir skotið í rassinum á sirkusstjóranum, sem steinsofnar um leið. Sem betur fer meiðir Leópold engan. Hann geysist út um aðaldyrnar en áhorfendur hrópa hver upp í annan og enginn skilur neitt.

„Kallið á lögregluna,“ æpir einhver.

(Helgi Guðmundsson, 1998, Leópold sirkusljón hrellir borgarbúa)

Mói hrekkjusvín

Ég hef sérstaklega gaman af því að skoða rafmagn í bílum en pabbi er búinn að banna mér að rannsaka rafmagnið í Volvónum. Í vor var hann næstum búinn að missa af skipinu sínu og sennilega var það mér að kenna.

Pabbi var að fara í leiðangur á herskipinu og við ætluðum að keyra hann niður að höfn og veifa þegar skipið legði frá bryggju. Hann var að verða of seinn og var að pakka ofan í ferðatösku á meðan mamma straujaði fyrir hann skyrtu. Jóna og Stína voru að klæða sig í spariföt svo ég ákvað að nota tímann á meðan ég beið til að sjá hvernig ljósin virkuðu í Volvónum.

Til þess að sjá hvernig ljós virka þarf maður að kveikja á þeim og ég lét þau loga til skiptis á meðan ég elti vírana úr mælaborðinu út í ljósabúnaðinn. Þannig gat ég séð hvar vírarnir lágu og hvaða vírar voru notaðir í afturljós, framljós og stefnuljós. Loks voru allir tilbúnir og pabbi henti töskunni sinni í skottið á bílnum.

Mamma var í fínasta kjólnum sínum og settist inn í bíl með Jónu og Stínu. Ég og pabbi settumst líka inn í bílinn, en þegar pabbi reyndi að setja bílinn í gang gerðist ekki neitt. Volvóinn hóstaði bara letilega og lognaðist svo út af eins og hann hefði sofnað.

– Mói, hvað varstu að gera við bílinn? spurði pabbi reiðilega.

– Ég var bara að skoða ljósabúnaðinn, sagði ég. Er bíllinn bilaður?

– Nei, en hann er rafmagnslaus, sagði pabbi ergilegur. Þú ert búinn að nota allt rafmagnið í þessar rannsóknir þínar. Ég er að missa af skipinu. Vigga mín, ég verð bara að taka leigubíl í hvelli, sagði hann og leit á mömmu.

– Ég skal hringja, sagði mamma og stökk út úr bílnum og inn í hús.

Pabbi fór út, tók ferðatöskuna úr skottinu og settist á stein úti við götu. Við krakkarnir eltum hann.

– Ætli skipið fari ekki bara á undan mér, sagði pabbi og leit á klukkuna.

– Auðvitað ekki, pabbi, sagði Jóna og klappaði pabba á öxlina. Hvaða varðskip fer án þess að taka skipherrann með?

– Verður þú skammaður? spurði ég.

– Hann verður ekkert skammaður, sagði Jóna hneyksluð. Ekki nema hann skammi sjálfan sig. Það er hann sem ræður á skipinu.

– Nei, Mói minn, ég verð ekki skammaður. Það er bara svo leiðinlegt að vera seinn.

– Fyrirgefðu, að ég skyldi nota allt rafmagnið. Ég var bara að rannsaka ljósið, sagði ég.

Pabbi leit á mig.

– Lærðirðu eitthvað um ljósabúnaðinn?

– Já, nú veit ég hvernig vírarnir liggja út í ljósin. Ég er búinn að finna þá alla, sagði ég glaður.

– Jæja, Mói minn. Það var gott að þú lærðir eitthvað. Mamma kom út og skömmu síðar rann leigubíllinn upp að húsinu. Við fylgdum pabba ekki á bryggjuna í þetta sinn en veifuðum honum bara niður götuna í staðinn.

(Kristín Helga Gunnarsdóttir, 2000,
Mói hrekkjusvín)

Snoddi snjókarl

Úti í garði stóð náungi aleinn og yfirgefinn og horfði í kringum sig. Þetta var hann Snoddi snjókarl.

Siggi og Stína bjuggu hann til í gær og þau vönduðu sig mikið við það verk. Enda var Snoddi ljómandi fallegur snjókarl. Augun voru kolamolar, svartir og gljáandi. Nefið var gulrót, sem mamma hafði gefið þeim, og munnurinn var gerður úr dumbrauðu eplahýði. Hann hafði svarta pípuhattinn hans pabba á höfðinu og var allur hinn virðulegasti.

Snoddi snjókarl var glaður af því að það var svo mikið frost og þess vegna var engin hætta á því að hann gæti bráðnað. En þrátt fyrir það leiddist honum dálítið. Hann var svo dæmalaust einmana. Hann vildi líf og fjör í kringum sig.

Í húsunum í nágrenninu voru áreiðanlega allir steinsofandi. Það var dregið fyrir alla glugga og hvergi sást neinn á ferli. Allt var kyrrt og hljótt.

Það voru heldur ekki neinir snjókarlar eða snjókerlingar í nærliggjandi gördum. Æ, hvað ég vildi að eitthvað skemmtilegt gerðist, hugsaði Snoddi snjókarl og andvarpaði. Þetta var ósköp og skelfing dauft líf.

En skyndilega heyrðist bjölluhljómur og glaðvær hlátrasköll rufu næturkyrrðina. Hvað var nú þetta? Snoddi snjókarl hlustaði af athygli og skimaði í allar áttir.

Kom þá ekki skríttinn og skemmtilegur sleði brunandi eftir snjóbreiðunni. Hann var næstum troðfullur af snjókörlum, snjókerlingum og snjókrökkum.

„Viltu vera með?“ hrópuðu þau til Snodda. „Það er laust sæti handa þér.“ „Hvert eru þið að fara?“ spurði Snoddi snjókarl.

„Við erum á leiðinni til snjólandsins þar sem snjórinn bráðnar aldrei og við getum verið óhult í þúsund ár. Ef þú verður kyrr bráðnarðu og verður að vatni í næstu hláku,“ svöruðu þau einum rómi og veifuðu strákústunum sínum.

Snoddi snjókarl mátti ekki til þess hugsa að verða að vatni. Hann var því ekki lengi að hugsa sig um.

Hann hoppaði upp í sleðann sem samstundis þaut af stað og hvarf von bráðar eitthvað út í buskann.

En morguninn eftir, þegar þau Siggi og Stína komu út, var snjókarlinn þeirra fallegi horfinn. Þau leituðu og leituðu en án árangurs. Það sást hvorki tangur né tetur af honum.

Þau skildu ekkert í þessu, en létu sér þó hvergi bregða og bjuggu bara til annan snjókarl. En í snjólandinu, þar sem ísinn bráðnar aldrei, stendur hann Snoddi snjókarl hjá vinum sínum og þarf ekki minnstu vitund að vera hræddur um að bráðna.

(Heiðís Norðfjörð, *Vetrarævintýri*, úr *Ævintýrin okkar*, 1983)

Tröllin á Vestfjörðum

Í gamla daga voru þrjú tröll á Vestfjörðum sem tóku sig til og ætluðu að moka sund á milli Vestfjarða og meginlandsins, nálægt því sem það er mjóst. Um leið ætluðu þau að búa til eyjar úr því sem þau mokuðu úr sundinu.

Að vestanverðu gekk moksturinn vel enda var Breiðafjörður miklu grynri en Húnaflói. Þeim megin voru líka tvö tröll, karl og kerling. Þuggu þau til með mokstrinum allar eyjarnar sem enn þann dag í dag eru eins og berjaskyr á Breiðafirði. En að austanverðu mistókst allt hjá einu tröllkonunni sem þar var. Húnaflói er líka djúpur og varð því flest allt að blindskerjum sem hún mokaði.

Tröllin voru að moka alla liðlanga nóttina og gáðu ekki að sér fyrr en dagur var runninn upp. Þá tóku vestantröllin tvö til fótanna og hlupu eins hratt og þau gátu austur yfir Steinadalsheiði og ætluðu að fela sig í Kollafirði. En þegar þau komu ofan á sjávarbakkann kom sólin upp og urðu þau þar bæði að steinum sem síðan heita Drangar. Standa þeir hvor hjá öðrum í svokallaðri Drangavík nálægt Kollafjarðarnesi. Annar drangurinn er allur meiri um sig að ofan og mjókkar niður. Það er karlinn. Hinn er uppmjór en gildnar allur niður og mótar fyrir maga og bakhluta og jafnvel lærum á honum. Það er kerlingin.

En frá kerlingunni sem mokaði austanmegin er það að segja að hún varð of sein fyrir og gáði ekki að sér fyrr en fór að birta. Hún stökk þá norður yfir Steingrímsfjörð og staðnæmdist hjá klettabelti fyrir norðan fjörðinn þegar sólin skein á hana.

Hún var svo reið að hún náði ekki upp í nefið á sér því hún hafði ekki getað látið standa upp

úr Húnaflóa nema fáeina varphólma og nokkur smásker. Rak hún þá skófluna í bræði sinni svo fast niður að úr því sprakk eyja sem er enn á Steingrímsfirði og heitir Grímsey.

Er það eina stóra eyjan sem tröllkonu þessari tókst að mynda. Austan megin á eyjunni er klettur einn líkur nauti að lögun. Hann er hár og hnarreistur enda er hann kallaður Uxi. Endinn á honum er svipaður kirkjuturni og áttu það að hafa verið horn uxans. Þann uxa átti kerling og stóð hann á eyinni þegar hún varð að steini og dagaði þar uppi eins og fósra hans.

Síðan hefur enginn ráðist í að búa til eyjar á Breiðafirði eða Húnaflóa né heldur reynt að moka sundur landið milli meginlands og Vestfjarða.

(Þjóðsaga)

Vængjasláttur í þakrennum

Dúfnakofinn okkar var varla risinn upp úr jörðinni þegar Tryggvi bróðir kom hjólandi innan úr djúpum, hverfinu þar sem götunöfnin enda öll á djúp. Í kringum hann glamraði allt og glumdi því á stýri hjólsins héngu tvær ryðgaðar reiðhjólagjarðir með teinum í.

Tryggvi var klæddur í rauðköflóttu skyrtuna sína. Hann var allur sótugur í framan og alpakinn hvítum mávafjöðrum yfir axlirnar. Hann hafði verið niðri fjöru með einhverjum strákum.

Þeir höfðu verið að fíkta í kámugum skipaskrúfum slippskipanna og þrætt saman indjánabönd úr fuglafjöðrum þegar Tryggvi fann allt í einu ryðguðu gjarðirnar í fjörunni.

Tryggvi var hljóður.

Hann vildi ekkert segja hvað hann ætlaði að gera við þessar úr sér gengnu reiðhjólagjarðir heldur hvarf með þær inn í bílskúr og læsti á eftir sér og hengdi þær upp í snærisspottum áður en hann byrgði bílskúrsgluggann og byrjaði að fínþússa gjarðirnar með sandpappír.

Í marga daga gleymdi hann sér alveg yfir gjörðunum, mataðist varla né svaf og hár hans stóð allt úti loftið. Það var engu líkara en hann ætlaði að verða ellidauður yfir gjörðunum þegar bílskúrshurðin opnaðist einn góðan veðurdag og Tryggvi kom út úr skúrnum með gljáfægt fuglabúr í höndunum; ryðgaðar reiðhjólagjarðirnar höfðu tekið stakkaskiptum.

Þannig skall flóðbylgja fuglabúranna á.

Áður höfðu menn aðallega ferðast með eina og eina dúfu milli handanna eða stungið þeim innundir peysur. Á bílskúrsplaninu var Tryggvi umkringdur strákum sem störfu í forundran og horfðu með ljóma í augunum á fuglabúrið hans.

Gömul páfagaukabúr komust í umferð og lítil dúfnahús með kaðalhöldum héldu innreið sína. Brátt sást varla reiðhjól án fuglabúrs og aftan á bögglaberum risu heilu kofarnir.

Viðskiptin tóku kipp. [...]

Alveg þar til Tryggvi eignaðist drifhvíta ísarann hékk handsmíðaða fuglabúrið hans alltaf á ryðguðum járnkrók úti bílskúr yfir nóttina. Með einhverjum dularfullum hætti hefur honum tekist að temja ísarann og getur látið hann ganga eftir vísifingri hægri handar og sitja á höfði sér.

Síðan þá hangir fuglabúrið yfir rúminu hans inni herbergi og þar sefur ísarinn sem á morgnana vekur Tryggva með kurri sínu stundvíslega klukkan átta þegar Tryggvi á að fara í skólann.

Þá fer Tryggvi fram úr og sleppir ísaranum fram af svölunum. Drifhvítur flögrar hann yfir húsunum þar til hann kemur aftur og tyllir sér hjá bygghrúgunni sem Tryggvi hefur í millitíðinni lagt á svalahandriðið.

(Einar Már Guðmundsson, 1983. *Vængjasláttur í þakrennum*)